

Fundur í minjaráði Norðurlands eystra

Fundur í minjaráði Norðurlands eystra, 5. desember 2019, haldinn í Flugsafni Íslands.

Mættir eru: Sædís Gunnarsdóttir formaður, Steinunn María Sveinsdóttir, Halldóra Gunnarsdóttir, Unnsteinn Ingason, Haraldur Þór Egilsson og Guðmundur Ögmundsson sem ritaði fundargerð.

Fundur hófst kl. 10.00

#### FUNDARDAGSKRÁ

1. Stefnumótavinnan sem við fórum í á síðasta fundi – staða verkefnisins.
2. Minjar í hættu – upplýsingar af ársfundi Minjastofnunar
3. Innviðaupbygging, staðan og pælingar varðandi nýja staði
4. Önnur mál
5. Skoða flugsafnið

Sædís Gunnarsdóttir bauð fundarmenn velkomna.

1. Sædís fór yfir vinnuna sem þegar hefur verið unnin í tengslum við stefnumótun. Greiningarvinna stendur yfir hjá Capacent, stýrihópur tekur við gögnum í janúar og þá hefst úrvinnsla. Óljóst hvenær frumdrög liggja fyrir en viðbúið að minjaráðsfulltrúar fái þau til yfirlestrar. Steinunn María lýsti yfir ánægju með að minjaráðsfulltrúar fengju að taka þátt í þessari vinnu, sér í lagi með tilliti til þess breiða bakgrunns sem hópurinn hefur.
2. Ársfundur Minjastofnunar var haldinn í Reykjavík í síðustu viku og var vel sóttur. Þrjú minjaverðir fjölluðu þar um sérstök málefni: 1) byggðamynstur, 2) ungar minjar sem njóta ekki enn verndar og 3) áhrif loftslagsbreytinga á menningarminjar, ekki síst strandminjar. Umræða spratt upp í hópnum tengd þessum málefnum og ljóst að miklar áskoranir eru tengdar þessu í framtíðinni.

Fleiri utanaðkomandi erindi voru á fundinum og var fjallað um húsagerð, bráðnun jökla og skógrækt. Hjörleifi Guttormssyni var veitt sérstök viðurkenning fyrir hans störf í þágu minjaverndar.

Minjaráð hvetur Minjastofnun til þess að streyma ársfundunum frá og með næsta ári, þannig að minjaráðsfulltrúar og aðrir eigi hægara með að fylgjast með því sem þar fer fram. Eins að gera upptöku aðgengilega eftir fundinn.

3. Innviðasjóður styrkti gerð deiliskipulags fyrir Gásir og verndaráætlun í framhaldi af því. Umsókn vegna Hofstaða var hafnað, en gluggi fyrir nýja umsókn opnaðist í haust. Niðurstaða liggur ekki fyrir. Minjavörður hvetur minjaráðsfulltrúa til að vera með augun opin gagnvart minjastöðum í þeirra nágrenni sem gætu notið góðs af styrkjum.
4. Önnur mál:  
Minjavörður stefnir að því næsta sumar að klára yfirferð friðlýstra fornleifa í umdæmi sínu. Spurt var um afstöðu Minjastofnunar til uppbyggingar á Oddeyri og gerði minjavörður grein fyrir þeirri umsögn sem send var inn vegna hennar.  
Í einum af mörgum eldsvoðum á Akureyri undanfarið brann friðað hús. Minjavörður sagði frá ferlinu sem fór af stað í framhaldi af því og þeirri reynslu sem Minjastofnun hefur af sambærilegum málum.

Fundi slitið kl. 11:30 og Flugsafn Íslands skoðað með góðri leiðsögn frá safnstjóranum og minjaráðsfulltrúanum Steinunni Maríu.